



FERÐAMÁLASETUR
ÍSLANDS

Ársskýrsla 2007

Árið hefur gengið vel og með virkri þáttöku á fjölda funda um allt land, sem og með samvinnu við fjölda aðila að neðangreindum rannsóknarverkefnum hefur Ferðamálaásetur Íslands treyst sinn sess sem rannsóknarstofnun ferðaþjónustunar. Stærstu viðburðir ársins eru ráðning dr. Rannveigar Ólafsdóttur við HÍ, sem og ráðning dr. Martin Gren við Hólaskóla, bæði eru þau boðin hjartanlega velkomin til starfa og megi komandi ár verða farsæl.

Rannsóknarverkefni ársins

Áætlanirnar þrjár

Hagræn

Höfuðmarkmið þessarar áætlunar er að fá gleggri heildarsýn á áhrif gestakoma á mismunandi þætti stoðkerfis atvinnugreinarinnar og um leið stuðla að heildar skilgreiningum á atvinnugreininni, sem gagnast gætu við frekari hagtölugreiningar á landsvísu. Eitt helsta verkefni stjórnvalda að stilla saman arðsemi, byggðastefnu og náttúruvernd þegar kemur að áhrifum ferðamanna á landið og er skilningur á samspili innviða greinarinnar frumforsenda þess að slíkt verkefni takist. Einnig mun þetta verkefni hjálpa greininni sjálfri að taka réttar ákvarðanir til að bæta afkomu og að sama skapi að hjálpa fjárfestum og lánveitendum að þjóna greininni betur. Öflugar rannsóknir er lúta að hagrænum áhrifum ferðaþjónustu eru forsenda stefnumótunar, áætlanagerðar og markaðssetningar í greininni. Sömu leiðis hefur vantað öfluga ráðgjöf við aðila í ferðaþjónustu. Forsenda slíkrar starfsemi byggir á greinargóðum upplýsingum og rannsóknum, m.ö.o. þekkingu á greininni.

Menning

Þessi áætlun tekur til fjölbreyttra rannsókna sem lúta að menningu og ferðaþjónustu á Íslandi. Markmið hennar er að efla rannsóknir með því að skýra og afmarka rannsóknarsviðið, skapa farveg fyrir samstarf ólíkra fræðasviða gegnum stofnun tengslanets einstaklinga og stofnanna og samþætta rannsóknir. Með eflingu rannsókna verða fræðin treyst í sessi og nýsköpun eflid í uppbyggingu ferðaþjónustu, forsendur fagmennsku treystar, gæðaviðmið þróuð og menntun eflid.

Umhverfi

Þessi áætlun tekur til fjölbreyttra rannsókna sem lúta að ferðamennsku og umhverfi á Íslandi. Markmið hennar er að efla þekkingu á hvernig háttá skal nýtingu umhverfis á sjálfbæran hátt í þágu ferðamennsku. Rannsóknir verða eflidar með því að skýra og afmarka rannsóknarsviðið, skapa farveg fyrir samstarf ólíkra fræðasviða gegnum stofnun tengslanets einstaklinga og stofnanna og samþætta rannsóknir. Með eflingu rannsókna verða fræðin treyst í sessi og nýtt til styrkingar megin auðlindar atvinnugreinarinnar, forsendur fagmennsku treystar, gæðaviðmið þróuð og menntun eflid.

Verkefni Akureyrarstofu

Markmiðið með rannsókninni er að kanna ferðavenjur Íslendinga yfir vetrartímann með áherslu á Norðurland.

Ferðamálasetur Íslands hýsir og hefur umsjón með rannsókninni, heldur utan um upplýsingar og útgefið efni í samvinnu við Akureyrarstofu, Vetraríþróttamiðstöð Íslands og Markaðsskrifstofu Ferðamála á Norðurlandi og hefur umsjón með bókhaldi og fjárreiðum rannsóknarinnar.

Þessi rannsókn mun verða liður í stærri áætlun setursins um rannsóknir á ferðahegðun Íslendinga og væri næsta skref að kanna ferðavenjur að sumri. Vinnan verður unnin í samráði við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu á svæðinu með það að markmiði að fá fram sjónarmið sem flestra svo að hægt verði að vinna með niðurstöðurnar í þágu ferðaþjónustu á svæðinu. Þessar niðurstöður og aðferðir sem þróaðar verða munu verða heimfærðar á önnur svæði á landinu.

Verkefni fyrir Landsvirkjun

Verkefnin eru tvö og voru unnin á tímabilinu ágúst 2007 til 31. janúar 2008. Annarsvegar var um að ræða mat á áhrifum fyrirhugaðrar virkjunar á Þeistareykjum og háspennulína frá Kröflu að Bakka við Húsavík, á ferðaþjónustu og útivist á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Hinsvegar var um sambærilega rannsókn að ræða vegna virkjunar Hagavatns sunnan Langjökuls. Báðar skýrslur koma út í janúar 2008.

Úttekt á ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum og mótun framtíðarsýnar

Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, með John Hull gestaprófessor setursins. Verkefnið snýst um að taka út þá starfsemi sem er í sýslunum og leggja mat á framtíðarsýn þeirra sem í ferðaþjónustu starfa. Með stöðumati og mati á innviðum, tækifærum og ógnunum verður mótuð framtíðarsýn fyrir svæðið.

Setrið tekur þátt í og leiðir að hluta þessa rannsókn sem að mestu fer í gang 2008, en var undirbúin 2007. Mun sú aðferðafræði sem þróuð verður í kringum þetta verkefni vera notuð á önnur svæði á landinu.

Verkefni Vaxtarsamnings

Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum fyrir Vaxtarsamning Eyjafjarðar, með fylgjandi er uppgjör á störfum starfsmanns seturs sem því sinnti. Með nýjum vaxtarsamning er verið að skipuleggja framhald þeirra vinnu sem stóð í 3 ár, en með öðrum forsendum. FMSÍ leiðir þá vinnu.

Nýsköpun í íslenskri ferðaþjónustu – NICE verkefnið

Í samvinnu við aðila á öllum Norðurlöndum var unnið að því að greina nýsköpun í ferðaþjónustu og á hvaða forsendum hún verður. Markmiðið var að reyna að átta sig á hvaða nýsköpunar 'kerfi' er virkjað í kringum nýsköpun í ferðaþjónustu sem ber ávöxt og ætti því að geta nýst sem hagnýtur leiðarvísir fyrir frumkvöðla í greininni með alþjóðlegri vísan. Lokaskýrslu verður skilað til norræna nýsköpunarsjóðsins 31. janúar 2008, og mun rannsóknarhópurinn starfa áfram og einbeita sér að þróun vörumerkjavæðingar (e. *branding*) landa og svæða.

Norrænt samstarfsverkefni um skotveiðitengda ferðaþjónustu – Nordhunt verkefnið

Setrið er þáttakandi í samnorrænu verkefni um sjálfbæra uppbyggingu skotveiðitengdrar ferðaþjónustu á Íslandi og jaðarsvæðum Norðurlanda. Er um að ræða rannsóknir í því skyni

að efla samstarf frumkvöðla, sveitarfélaga og hins opinbera, ásamt Umhverfistofnun og háskólum í markaðssetningu og gerð ferðapjónustu í kringum skotveiðar. NPP mun styrkja verkefnið til þriggja ára, 2008-2010.

Ímyndir Íslands og Norðursins

Markmið rannsóknarverkefnisins Ísland og ímyndir norðursins er að varpa ljósi á Ísland sem mikilvægan hluta af norðurslóðum, fjölbreyttar ímyndir Íslands í norðrinu, hlutverk slíkra ímynda í nútímanum og rætur þeirra. Verkefnið er þverfaglegt samstarfsverkefni með þátttöku íslenskra og erlendra fræðimanna í hug- og félagsvísindum.

Í verkefninu verða rannsakaðar nokkrar birtingarmyndir nútíma sjálfsmýnda og ímynda Íslands og Íslendinga sem hluta norðursins, hvernig þær hafa sprottið fram og breyst í tímans rás og hvert þær stefna. Ennfremur mun rannsóknin beinast að lykilatriðum í uppruna og þróun íslenskra ímynda norðursins. Sjónum verður beint að fjórum sviðum: Stöðu Íslands í alþjóðlegu og norrænu samhengi, norðlægri menningu og samfélagi, tengslum manns og náttúru í norðrinu og loks norðrinu í íslenskum ferðamannaiðnaði.

FMSÍ leggur til þessa verkefnis rannsókn á þróun ímynda Íslands sem alþjóðlegs áfangastaðar, sérstaklega með tilliti til þeirrar vinnu sem nú fer fram um ímyndasköpun á vegum forsætisráðuneytis og snýst um vörumerkjavæðingu landsins.

Mat á áhrifum svæðisbundinnar markaðssetningar

Setrið leiðir verkefni sem stofnað var til að frumkvæði Markaðsskrifstofu Vestfjarða um að meta áhrif af svæðisbundinni markaðssetningu. Rannsóknin snýst um að meta árangur af svæðisbundinni markaðssetningu markaðsskrifstofa og upplýsingamiðstöðva landshluta. Hún er þríþætt, í fyrsta lagi verður starfsemi ólíkra markaðsstofa um landið skoðuð með tilliti til þess hvaða rekstrarform og skipulag virkar best og hvað hefur verið reynt í gegnum tíðina. Í öðru lagi verður unnið að því að skilja framsetningu og uppbyggingu kynningarefnis landshluta og hvað virkar best í þeim efnum og hvaða ímynd er verið að setja fram. Í þriðja lagi verður skoðað hvaða markhópa er mögulega verið að reyna að ná til með markaðssetningu og kynningarefni.

Þróun ferðapjónustuklasa Vaxtarsamninga

Ferðamálaasetur hefur starfsmann sem sér um að stýra verkefnum fyrir ferðapjónustuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Starfsemi klasana og vaxtarsamningsins hefur nú staðið í 2 ár og gríðarleg reynsla og þekking komin í hús. Hér er markmið að leita svara við ýmsum spurningum er tengjast alþjóðlegri umræðu um klasa, ferðapjónustu á jaðarsvæðum, svæðamyndun og stjórnsýslu á jaðarsvæðum. Einnig er markmið að gera samanburð á árangri klasastarfs eftir mismunandi svæðum á landinu, sem og koma með hagnýtar ábendingar til IMPRU um framtíðarmótun klasastarfs. Ímynda og markaðsetningarmál leika hér stórt hlutverk en Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi er hluti af þessari vinnu. Stefnt er að útgáfu bókar 2008 sem hefur að geyma greinar um starfsemi ferðamála klasa í öðrum heimshlutum og fræðilega umfjöllun um hugtakið.

Þróunarverkefni um akademíska ferðapjónustu að Svartáarkoti í Bárðardal

Setrið er þátttakandi í uppbyggingu ferðapjónustu að Svartáarkoti í Bárðardal. Er um nokkuð viðamikilið og sérstakt verkefni að ræða þar sem til stendur að byggja gisti og kennsluástöðu við jaðar Ódáðahrauns þar sem markhópurinn er nemendur og fræðimenn. Markmiðið er að koma á framfæri einstakri náttúru, menningu og sögu svæðisins og þannig reyna að laða að rannsakendur og nema allsstaðar að úr heiminum. Spurningin er hvernig ferðapjónusta er

Þetta, hvernig er hægt að útbúa námskeið og námsefni á svæði sem þessu og hvað þarf að koma til.

Eitt námskeið var haldið sumarið 2007, þar sem virtum fræðimönnum austan hafs og vestan var boðið að koma og kynna því sem þarna færi fram. Komu 30 gestir og heppnaðist námskeiði einstaklega vel. Fjögur námskeið fyrir nemendur og færðimenn verða í boði sumarið 2008.

Skipurit ferðaþjónustu á Íslandi

Verkefnið snýst um að greina hlutverk og starfsemi allra þeirra ólíku aðila sem koma að ferðaþjónustu á Íslandi. Þannig er markmiðið uppsetning á skipuriti sem sýnir hvernig aðilar innan hins opinbera, sveitarfélög og félagsamtök tengjast og starfa.

Þetta rannsóknarverkefni er innan stjórnvísu eða stjórnunarfræða og hafa verið tekin viðtöl við aðila innan greinarinnar. Gert er ráð fyrir skýrslu vorið 2008.

Skemmtiferðaskipakomur til Íslands

Þetta rannsóknarverkefni hefur verið í gangi frá 1993 en þá fór í gang þriggja ára könnun meðal farþega á skemmtiferðaskipum sem hafði það að markmiði að átta sig á fjölda þeirra, hvað þeir aðhafast og hvað þeir eru aðskilja eftir sig. 2004 fór önnur slík þriggja ára könnun í gang og nú stendur yfir úrvinnsla úr þeim gögnum og gerð samanburðar innan tímabils og milli þeirra tveggja sem um ræðir. Sem stendur er enn beðið frumdraga af skýrslu.

Þolmörk ferðamannastaða

Þetta rannsóknarverkefni hefur verið í gangi frá 2000 en þá var gerð úttekt á þremur stöðum á Íslandi, Skaftafelli, Landmannalaugum og Lónsöræfum sem voru gefnar út. Markmiðið var að átta sig á hvers eðlis þessir ferðamannastaðir eru og þannig hvernig ferðamennsku þeir ættu að geta borið m.t.t. umhverfislega, félagslega, menningarlega og þjónustulegra þátta. Nú standa fyrir dyrum frekari rannsóknir á nýjum svæðum sem og endurskoðun hinna þriggja sem þegar höfðu verið tekin út.

Jeppar á hálendi Íslands og umferðamening

Verkefnið snýst um ferðalög Íslendinga og útlendinga á hálendi Íslands í jeppum og breyttum bílum og notkun bíla sem samgöngutækja á Íslandi. Spurt er hvernig þessi iðja skilgreinir tækið, hálendið og áfangastaði þar. Þannig er bæði um að ræða félagsfræðileg nálgun sem og viðskiptafræðilega þar sem hægt er að velja upp spurningum um mótun virðisdeju og nýsköpun í vaxandi atvinnuvegi, bæði ferðaþjónustu og jeppabreytinga.

Er FMSÍ aðili að umsjón eins dr. Verkefnis við HÍ og eru fleiri greinar í vinnslu úr grunnrannsókn sem ger var 2005-2006.

Úttekt á samfélagslegum áhrifum Vatnajökulspjóðgarðs

Setrið er aðili að því að gera grunnúttekt á viðhorfum íbúa á Austurlandi til stofnunar Vatnajökulspjóðgarðs. Markmið þessa verkefnis er að:

- gera grunnúttekt á núverandi einkennum ferðamennsku og ferðaþjónustu á svæðinu í og við fyrirhugaðan Vatnajökulspjóðgarð.
- þróa aðferðir til að fylgjast með reglubundnum hætti með áhrifum af stofnun Vatnajökulspjóðgarðs á viðhorf heimamanna, mynstur ferðamennsku og þróun ferðaþjónustu fyrstu árin sem þjóðgarðurinn starfar.

Samstarfsaðilar: HÍ, Háskólaþrið á Höfn, Þekkingarsetur Þingeyinga, Þekkingarnet Austurlands, Kirkjubæjarstofa og Umhverfisstofnun.

Stjórnunarhættir í ferðaþjónustu - framhald áformað

Gerð hefur verið könnun á stjórnunarháttum hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Helgi Gestsson, lektor við viðskipta og raunvísiseild, Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við sömu deild Háskólans á Akureyri og Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, stóðu að framkvæmd könnunarinnar sem unnin var í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og unnið úr á vegum HRM ráðgjafar. Sú skýrsla kom út í mars 2007 og er framhald áformað til að fylgja eftir niðurstöðum þeirrar könnunar og fá samanburð.

Yfirlit ársins

Janúar:

- 11. Hagvöxtur á Heimslóð á hótél Rangá
- 25.-28. Málþing um Hornstrandir og aðalfundur Ferðamálasamtaka Íslands á Ísafirði

Unnið að menningarskýrslu, Nordhunt verkefni, umsókn fyrir framleiðnisjóð landbúnaðarins, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu og stjórnunarháttaskýrslu.

Febrúar:

- 1. Fundur um MFN á hótél KEA, Akureyri
- 10. Erindi á opnu húsi HA um ferðaþjónustu á Norðurlandi – kynning FMSÍ
- 13. Stjórnarfundur FMSÍ á Akureyri
- 21.-24. Ferð til Umeå vegna Nordhunt – kynni af John Hull
- 28. Kynning FMSÍ í Menntaskólanum á Akureyri

Unnið að menningarskýrslu, verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, stjórnunarháttaskýrslu og málþing skipulagt á Dalvík.

Mars:

- 1. Vinnufundur um slow city á Akureyri
- 7. Ferð á Húsavík vegna NICE verkefnis
- 17. Kennsla við SímEy um ferðaþjónustu
- 23.-24. Ferð til Reykjavíkur, fundir með RA, við HÍ, viðkoma á fundi SSNV á heimleið
- 28. Aðalfundur SAF í Ketilhúsi á Akureyri

Stjórnunarháttaskýrsla gefin út. Unnið að menningarskýrslu, verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, málþing skipulagt á Dalvík, umsókn í KEA sjóð HA, námskeiðið stjórnendur framtíðar setið, unnið að Svartárkoti og bók um rými list og umhverfi.

Apríl:

- 5.-9. Páskar
- 17. Aðalfundur FMSÍ 2007 að Hólum, símaviðtöl vegna Hólastöðu
- 19.-20. Ferð á Raufarhöfn með AÞ
- 21. Málþing um ferðamál í Dalvíkurbyggð

24. Aðalfundur AÐE, Dalvík – ímynd Eyjafjarðar
27.-28. Ráðstefna um þjóðfélagsfræði við HA

Unnið að menningarskýrslu, verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, námskeiðið stjórnendur framtíðar setið, unnið að Svartárkoti og bók um rými list og umhverfi.

Maí:

- 3.-4 Viðtöl við Martin og Marion að Hólum, viðtöl í Skagafirði vegna NICE verkefnis
14.-17 Ferð til Kaupmannahafnar vegna NICE verkefnis
22. Lokaverkefni nema kynnt að Hólum

Unnið að verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, ímyndum norðursins, námskeiðið stjórnendur framtíðar setið, unnið að Svartárkoti, Akureyrarsstofu verkefni og bók um rými list og umhverfi.

Júní:

- 8.-9. Vinnufundur vegna Íslands og ímynda norðursins, Reykjavík – kynning á aðkomu FMSÍ
13.-17. Ráðstefna Norræna landfræðinga í Bergen – kynning á niðurstöðum menningarskýrslu.
22.-24. Erindi á Svartárkot – menning/náttúra í Bárðardal
28.-29. Gerð áætlanna og skipulag vinnu vegna 8 ára áætlunar um rannsóknir í menningartengdri ferðaþjónustu og vegna mats á áhrifum svæðisbundinnar markaðssetningar. Haldin að Hólum.

Námskeiðinu stjórnendur framtíðar lokið. Unnið að verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarsstofu verkefni og bók um rými list og umhverfi.

Júlí:

Fedraorlof forstöðumanns og sumarfrí starfsmanna

Ágúst:

Fedraorlof forstöðumanns og sumarfrí starfsmanna

22. Deildarfundur viðskipta og raunvísindadeildar

Unnið að áætlannagerð, verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarsstofu verkefni, sérverkefnum fyrir Landsvirkjun og bók um rými list og umhverfi.

September:

21. Stjórnarfundur FMSÍ
26.-30. 16. samnorræna ráðstefnan um ferðamálafræði, Helsingborg – FMSÍ með 3 erindi. Fundur vegna NICE verkefnis.

Unnið að áætlannagerð, verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarsstofu verkefni, sérverkefnum fyrir Landsvirkjun og bók um rými list og umhverfi.

Október:

- 1.-12. Nordplus feltferð um Lappland, skrif og vinna að greinum.
- 15. Fundur um formleg tengsl við Chieti/Pescara á Ítalíu
- 17.-21. Ráðstefna um málefni reksturs tjaldsvæða, Slóvakía – í boði tjaldsvæða Akureyrarbæjar.
- 31.-1 Fundur um nýsköpunarverðlaun SAF, fundur vegna Svartárkots, Haustþing FL, Reykjavík.

Unnið að áætlannagerð, verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarsstofu verkefni, sérverkefnum fyrir Landsvirkjun og bók um rými list og umhverfi.

Nóvember:

- 8. Uppskeruhátíð MFN
- 14.-15. Viðtöl um Þingeyjarsýslur vegna Landsvirjunar
- 22. Ferð á Hóla – vinna með Martin og að áætlun um menningartengda ferðaþjónustu, kennsla að Hólum.
- 26.-30. Símaviðtöl vegna Landsvirkjunar og skrif skýrslu

Unnið að áætlannagerð, verkefnum Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarsstofu verkefni, sérverkefnum fyrir Landsvirkjun og bók um rými list og umhverfi.

Desember:

- 6.-7. Haustfundur ferðamálafræðikennara í Skólabbæ, Reykjavík. Þjóðarspegill – FMSÍ með tvær málstofur, 8 erindi.
- 17-1 Sumarfrí/jólafrí

Unnið að áætlannagerð, uppgjöri og framhladi Vaxtarsamnings, Nordhunt verkefni, NICE verkefni, skipuriti opinberra tengsla í ferðaþjónustu, ímyndum norðursins, unnið að Svartárkoti, Akureyrarsstofu verkefni, sérverkefnum fyrir Landsvirkjun og bók um rými list og umhverfi.